


Matvælaráðuneytið
Bjarni Benediktsson ráðherra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2024

Efni: Niðurfelling tolla vegna skorts á eggjum


Félag atvinnurekenda (FA) hefur fengið ábendingar frá matvæladreifingarfyrirtækjum í hópi félagsmanna sinna um að undanfarna mánuði hafi verið umtalsverður skortur á eggjum frá innlendum framleiðendum. Að mati félagsmanna FA er ljóst að innlend eggjaframleiðsla annar ekki eftirspurn og kemur þar ýmislegt til, m.a. fjölgun íbúa og ferðamanna, stórar pantanir frá skemmtiferðaskipum yfir sumarið og samdráttur í framleiðslugetu sumra eggjabúa þar sem undanþágur frá aðbúnaðarreglugerðum fást ekki lengur. Um er að ræða umfangsmeiri og meira langvarandi skort en þann sem reglulega kemur upp tímabundið í eggjaframleiðslu vegna útskipta á varphænum. Ástandið er erfiðara en áður hefur þekkt, að mati þeirra sem lengi hafa starfað á matvælamarkaðnum, og ekkert sem bendir til að það lagist í bráð.

Ekki hefur verið eggjaskortur í verzlunum, þótt úrval hafi verið minna en áður. Það hefur hins vegar reynt heildsölum og dreifingarfyrirtækjum erfitt að útvega stórnotendum, t.d. veitingahúsum, bakaríum og fleiri fyrirtækjum í matvælaiðnaði, nægilegt hráefni í framleiðslu sína.



Innflutningur á eggjum jan. 2022 til ág. 2024

Af þessum sökum hefur þurft að flytja inn egg í mun meira mæli en áður. Í mörgum tilvikum eru það innlendir eggjaframleiðendur sem sjálfir standa í þeim innflutningi til að anna eftirspurn frá viðskiptavinum. Á myndinni til vinstri hér að ofan sést vel hvernig innflutningur hefur snaraukizt á ferskum eggjum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Langtum meira var flutt inn fyrstu átta mánuði ársins (tölurnar ná ekki lengra) en árin 2022 og 2023 samanlagt. Á þessu tímabili var innflutningurinn yfir 90 tonn. Svipuð staða er uppi hvað varðar soðin skurnlaus egg (myndin til hægri) í stærri en 10 kg umbúðum, sem eru fyrst og fremst hráefni fyrir matvælaiðnað. Á fyrstu tveimur þriðjungum ársins voru flutt inn rúmlega 15 tonn, miklu meira en árin á undan.



Á næstu tveimur myndum sést þróunin annars vegar hvað varðar önnur skurnlaus egg; þar fer innflutningur augljóslega vaxandi (súlan fyrir 2024 nær eingöngu yfir 8 mánuði) og er líklegur til að verða mun meiri en þau 50-66 tonn, sem flutt voru inn árin á undan. Hins vegar hefur innflutningur á gerilsneyddum eggjarauðum með 7% saltinnihaldi í stærri en 5 kg umbúðum verið talsverður (hráefni fyrir matvælaíðnað) og má gera ráð fyrir að hann verði sambærilegur eða meiri en síðustu ár þegar 2024 verður gert upp, varlega áætlað um 120-130 tonn. Að síðustu ber að nefna að í ár er hafinn innflutningur á „öðrum eggjarauðum“ sem ekki hefur átt sér stað undanfarin ár og nam hann rúmlega tveimur tonnum á fyrstu átta mánuðum ársins samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Þessi innflutningur ber að langmestu leyti fulla tolla, enda er ekki til að dreifa tollkvótum í umtalsverðu magni, sem annað geta innflutningi vegna skorts á innanlandsframleiðslu. Tvíhliða tollasamningur Íslands og Evrópusambandsins, sem tók gildi árið 2018, kveður ekki á um neina tollkvóta fyrir egg, en samkvæmt honum voru þó tollar á mikið unnum eggjaafurðum til matvælaframleiðslu, þ.e. söltuðum eggjarauðum og soðnum eggjum í stórum pakkningum lækkaðir, sjá að neðan.

Tollkvóti fyrir egg samkvæmt WTO-samningnum frá 1994 er samtals 76 tonn, sem miðast við 5% innanlandsneyzlu á árunum 1986-1988, en á þeim þremur áratugum sem liðnir eru frá gildistöku þess samnings hefur eggjaneyzla stóraukizt. Eins og sjá má af tölunum hér að ofan nær WTO-kvótinn aðeins yfir lítinn hluta innflutnings ársins, sem gæti numið 350-400 tonnum í áður nefndum tollskrárnúmerum. Jafnframt ber að hafa í huga að tollkvótinn hefur að hluta til verið nýttur til að flytja inn frjóegg. WTO-kvótinn ber auk þess magntolla; fyrir fersk egg eru greiddar 146 kr./kg, fyrir unnin egg 163 kr./kg og fyrir eggjaduft 613 kr./kg. Þar við bætist útboðsgjaldið, sem innflytjendur greiða fyrir kvótann.

Annars eru tollar á þeim vöruflokkum, sem nefndir eru hér að ofan, eins og sjá má í töflunni að neðan. Hér ber að líta til þess að innflutningurinn er aðallega frá ríkjum Evrópusambandsins, fyrst og fremst Danmörku (þaðan koma nánast öll fersk egg) og Þýskalandi. Tollasamningur Íslands og ESB tekur hins vegar ekki til nema hluta eggjainnflutnings, t.d. ekki til ferskra eggja.

| Tollskrárnúmer | Almennur tollur | | ESB-tollur | |
|---|-----------------|-------------------|------------|-------------------|
| | Verðtollur | Magntollur kr./kg | Verðtollur | Magntollur kr./kg |
| 0407.2100 Fersk ófrjóvuguð Gallus domesticus egg, í skurn | 30% | 243 | -- | -- |
| 0408.9901 Soðin skurnlaus egg í > 10 kg umbúðum | 30% | 208 | 0 | 91 |
| 0408.9909 Önnur skurnlaus egg | 30% | 208 | -- | -- |
| 0408.1901 Gerilsneyddar eggjarauður, með meira en 7% saltinnihaldi, í > 5 kg umbúðum | 30% | 390 | 0 | 39 |
| 0408.1909 Önnur eggjarauða | 30% | 390 | -- | -- |

Þessir tollar þýða til dæmis að ofan á kíló af ferskum eggjum frá Danmörku, þar sem kostnaðarverð er 500 kr. með flutningi, bætist 393 kr. tollur, sem veldur tæplega 80% hækkun á kostnaðarverðinu. Þetta veldur augljóslega hækkunum á verði til neytenda. Ýmist stuðla tollarnir að hærra verði á eggjum út úr búð eða þá á aðföngum til t.d. brauðbaksturs og annarrar matvælaframleiðslu, sem skilar sér á endanum í hærra verði til neytenda.

Það er að mati FA sameiginlegt hagsmunamál neytenda, verzlunar og matvælaíðnaðar að tollar á eggjum verði felldir niður, a.m.k. á meðan innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn. Ætla má að það sé sömuleiðis hagsmunamál innlendra eggjaframleiðenda, enda standa þeir sjálfir í innflutningi eins og áður sagði til að geta mætt þöntunum viðskiptavina.

Eftir breytingar á búvörulögum nr. 99/1993, með lögum nr. 152/2019, getur ráðherra ekki lengur gefið út opinn tollkvóta á lægri tollum ef skortur er á búvörum frá innlendum framleiðendum. Í drögum ráðuneytisins að frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 152/2019, var að finna ákvæði um eins konar neyðarrétt ráðherra til að gefa út opinn tollkvóta við mjög sérstakar aðstæður, svo sem þegar skortur væri á vörum vegna uppskerubrests eða náttúruhamfara. Við framlagningu frumvarpsins á Alþingi hafði verið fallið frá því ákvæði. Í greinargerð með 382. máli á 150. löggjafarþingi kom hins vegar fram að til að bregðast við skorti á búvörum gæti ráðherra „ávallt lagt fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum“. Í nefndaráliti meiri hluta atvinnuveganefndar um frumvarpið kom jafnframt eftirfarandi fram: „Tekur meiri hlutinn þó undir að nauðsynlegt er að til staðar sé ákveðinn sveigjanleiki til að bregðast við óvæntum aðstæðum á markaði. Nauðsynlegt sé að unnt verði að bregðast við skorti og leggur meiri hlutinn áherslu á að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra bregðist skjótt og örugglega við með lagasetningu í slíkum tilfellum.“ Það er augljóslega vilji löggjafans að hægt sé að bregðast skjótt við og lækka tolla ef skortur er á búvörum.

Framundan er mesta bakstursvertíð ársins hjá heimilunum og þörf matvælaframleiðenda fyrir hráefni sömuleiðis í hámarki í aðdraganda jóla. Að mati FA er full ástæða til þess að ráðherra leggi hið fyrsta fram frumvarp til laga um afnám tolla af eggjum á meðan innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn á markaðnum. Mögulega mætti einnig með breytingartillögu bæta slíkum ákvæðum við þingmál sem varða skatta og gjöld og afgreiða þarf með fjárlagafrumvarpi næsta árs. Slíkt myndi stuðla að því að markmið 1. gr. b. búvörulaga náist, um „að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar

aðstæður í landinu.“ Sömuleiðis myndi slík breyting vera innlegg í lækkun verðlags og þar með baráttuna við verðbólguna.

Félag atvinnurekenda er að sjálfsögðu reiðubúið að funda með ráðuneytinu um málið en leggur áherzlu á að vinna þarf þetta mál hratt.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA